

Ársskýrsla stjórnar 2023-2024

Lögð fram á aðalfundi
Félags náms- og starfsráðgjafa
13. maí 2024



Efnisyfirlit

1. Starf stjórnar.....	6
2. Stefnumótun og stefnumörkun.....	7
Réttur til náms- og starfsráðgjafar	9
Endurgerð starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa	9
Aðild að stefnumörkun	9
3. Sýnileiki	10
Vefur og samfélagsmiðlar	10
Viðurkenning fyrir framlag til náms- og starfsráðgjafar 2023	10
Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla - Samfélagsstyrkur Landsbankans.....	11
4. Samstarf.....	12
Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar á Íslandi - Euroguidance.....	12
Samstarf við Kennarasamband Íslands.....	12
Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara.....	13
Starfslok frumkvöðuls í náms- og starfsráðgjöf.....	13
Alþjóðlegt samstarf	13
Prófessor Ronald Sultana.....	13
IAEVG	14
Norrænt samstarf	14
5. Félagatal og félagsaðild.....	15
6. Fjárreiður og félagsgjöld	16
7. Greinagerðir ráða og nefnda.....	16
Fræðslunefnd.....	16
Upplýsinga- og kynningarnefnd.....	18
Fagráð grunnskóla	19
Fagráð framhaldsskóla	20
Fagráð háskóla	20
Fagráð atvinnulífs	20
Kjaranefnd	21
Siðanefnd	22
8. Lokaorð	22

Dagskrá aðalfundar skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins
4. Lagabreytingar
5. Nefndarstörf
6. Umræður og afgreiðsla mála
7. Kosning stjórnar, nefnda og ráða
8. Önnur mál

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2023 var haldinn 3. maí í Flensborgarskóla í Hafnarfirði og á fjarfundi. Fundarstjóri var Helga Tryggvadóttir og fundarritari Greta Jessen. Um var ræða hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt ofangreindri dagskrá.

Jónína Kárdal var endurkjörin formaður í sérstakri kosningu.

Helga Valtýsdóttir, Hildur Björg Vilhjálmisdóttir, Greta Jessen og Jóhanna María Vignir gáfu áframhaldi kost á sér í stjórn. Nanna Imsland og Fríða Hrönn Halldórsdóttir voru kjörnar í varastjórn. Greta Jessen hélt áfram að vera fulltrúi FNS í norrænu samstarfi.

Nefndir og ráð FNS starfsárið 2023-2024 voru skipuð eftirfarandi félagsfólki og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir þeirra störf.

Fræðslunefnd

Hildur Ýr Gísladóttir, Hildur Ingólfadóttir, Hrönn Grímsadóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir. Tengiliður stjórnar: Greta Jessen

Upplýsinga og kynningarnefnd:

Guðlaug Ragnarsdóttir, Sigrún Fjeldsted og Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir. Tengiliður stjórnar: Jóhanna María Vignir.

Fagráð grunnskóla

Fríða Hrönn Halldórsdóttir, Ásthildur Guðlaugsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. Tengiliður stjórnar: Fríða Hrönn Halldórsdóttir.

Fagráð framhaldsskóla

Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir og Halla María Halldórsdóttir. Agnes Ósk Snorradóttir kjörin varamanneskja. Tengiliður stjórnar: Nanna H. Imsland.

Fagráð háskóla

Hildur Katrín Rafnsdóttir og María Jónsdóttir. Helga Rós Einarsdóttir kom í fagráð í forföllum Hildar Katrínar. Tengiliður stjórnar: Jónína Kárdal.

Fagráð atvinnulífs

Álfhildur Eiríksdóttir, Guðbjörg Árnadóttir og Guðrún Vala Elísdóttir. Í forföllum Guðrúnar Völu var Berglind Melax kölluð til. Tengiliður stjórnar: Jónína Kárdal.

Kjaranefnd

Árný Þóra Ármannsdóttir, Ásdís Birgisdóttir, Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir, Guðlaug Ragnarsdóttir, Helga Rós Einarsdóttir og Kristín Birna Jónsdóttir. Tengiliður stjórnar: Hildur Björg Vilhjálmsdóttir.

Siðanefnd

Ingibjörg Pálmadóttir, Ágústa Björnsdóttir og Ólöf Helga Þór. Guðrún Karlsdóttir var kölluð til af stjórn í nefndina. Tengiliður stjórnar: Helga Valtýsdóttir.

Uppstillingarnefnd (tók til starfa fyrir aðalfund 2023): Guðrún Karlsdóttir, Hrönn Baldursdóttir og Ólöf Helga Þór.

Á aðalfundi lagði stjórn FNS fram tillögu um lagabreytingu við grein **4 sem fjallar um félagsaðild**.

Hún hljóðaði svo:

4. grein

Félagsmenn í Félagi náms- og starfsráðgjafa:

1. Fullgildir félagsmenn geta þeir einir verið sem hafa lokið námi í náms- og starfsráðgjöf sem mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkir og hafa jafnframt löggildingu starfsheitisins frá sama ráðuneyti.
2. Við 67 ára aldur fellur félagsgjald niður en félagsmenn geta áfram verið fullgildir meðlimir.

3. Þeir sem hafa leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 35/2009 geta sótt um aukaaðild.

Full aðild að FNS gefur réttindi til að gegna ábyrgðarstörfum innan félagsins og kosningarétt á aðalfundi og félagsfundum.

Þeir félagsmenn sem hafa nú þegar fulla aðild að félaginu halda henni.

Inntökubeiðni í Félag náms- og starfsráðgjafa skal vera skrifleg og skulu fylgja með upplýsingar um prófgráður, starfsheiti og vinnustað þar sem það á við.

Gjaldkeri félagsins sér um innheimtu félagsgjalda í umboði stjórnar. Stjórn FNS sér um félagaskrá og inntöku nýrra félagsmanna.

Breytingartillaga stjórnar var svohljóðandi:

4. grein

Félagsmenn í Félagi náms- og starfsráðgjafa:

1. Fullgildir félagsmenn geta þeir einir verið sem hafa lokið námi í náms- og starfsráðgjöf sem mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkir og hafa jafnframt löggildingu starfsheitisins frá sama ráðuneyti.

2. Við 67 ára aldur fellur félagsgjald niður en félagsmenn geta áfram verið fullgildir meðlimir.

3. Þeir sem hafa leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 35/2009 geta sótt um aukaaðild.

4. Meistaránemar í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands geta sótt um aukaaðild að félaginu. Aukaaðild gildir í tvö starfsár og fellur niður að þeim tíma loknum.

Full aðild að FNS gefur réttindi til að gegna ábyrgðarstörfum innan félagsins og kosningarétt á aðalfundi og félagsfundum.

Þeir félagsmenn sem hafa nú þegar fulla aðild að félaginu halda henni.

Inntökubeiðni í Félag náms- og starfsráðgjafa skal vera skrifleg og skulu fylgja með upplýsingar um prófgráður eða stöðu í meistaranámi, starfsheiti og vinnustað þar sem það á við.

Gjaldkeri félagsins sér um innheimtu félagsgjalda í umboði stjórnar. Stjórn FNS sér um félagaskrá og inntöku nýrra félagsmanna.

Rökstuðningur:

Félag náms- og starfsráðgjafa er eini faglegi vettvangur þeirra sem starfa við fagið á Íslandi. Mikilvægt er að koma á öflugri tengslum við meistaránema sem eru að læra

fagið og ástunda fræðin. Aukaaðild meistaranema stuðlar að því að þeir kynnst félagsstarfseminni og félagsfólki, faglegt tengslanet þeirra eflist og er fyrir séð að þetta fyrirkomulag stuðli auk þess að nýliðun í félaginu. Það skiptir máli fyrir félagið að hlúa að samskiptum við meistaranema þannig að yfirfærsla frá því að vera stúdent yfir í fagaðila í náms- og starfsráðgjöf verði greið. Með þessu er verið að stuðla að sterkri félags- og fagvitund.

Lögð var fram breytingatillaga á lagabreytingu:

Orðalagsbreyting: Í stað félagsmanna verður ritað félagsfólks og á það við um lög félagsins í heild. Þessi tillaga var samþykkt.

Breyting á 4. grein laganna um aukaaðild samþykkt. Aðalfundur samþykkti að að fela stjórn að tilgreina nánar hvað felst í aukaaðild. Einnig var samþykkt að bæta inn í „eða stöðu í meistaranámi“.

1. Starf stjórnar

Á fyrsta fundi stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- Jónína Kárdal kjörinn formaður á aðalfundi og aðstoðar við miðlun upplýsinga á vef og samfélagsmiðlum FNS
- Helga Valtýsdóttir varaformaður og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Greta Jessen ritari og fulltrúi í norrænu samstarfi
- Hildur Björg Vilhjálmsdóttir gjaldkeri og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Jóhanna María Vignir vefritstjóri og tengiliður við ákveðnar nefndir
- Fríða Hrönn Halldórsdóttir, varastjórn og tók þátt í stjórnarstarfi
- Nanna Halldóra Imsland, varastjórn, tók þátt í stjórnarstarfi og hélt utan um félagatal

Stjórn FNS 2023-2024 hélt 15 stjórnarfundi, á haustmísserinu voru þeir alla jafna á ½ mánaðar fresti. Eftir áramót var ákveðið að halda formlega stjórnarfundi alla jafna einu sinni í mánuði og vinnufundi þar á milli. Þetta vinnulag gafst vel þar sem málefni voru undirbúin á vinnufundum og afgreidd svo formlega á stjórnarfundum. Einnig notaði stjórnin samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum á milli funda.

Flestir stjórnarfundir voru í fjarfundaformi en hluti stjórnar sunnan heiða gat hist á staðnum þegar hentaði. Starf FNS er yfirgripsmikið og til að leggja upp fyrir starfsárið 2023-2024 var skipulögð vinnuhelgi í september 2023. Þetta var í raun í fyrsta skipti sem stjórnin og varastjórn kom saman í raunheimum, ef svo má að orði komast. Afköst helgarinnar voru mikil og greiddi það fyrir stjórnarstörf og stefnumörkun í félagsstarfinu 2023-2024.

Meðal stærstu verkefna stjórnar í ár var annars vegar endurskoðun á starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa og hins vegar stefnumörkun í málefnum fagsins og hagsmunagæsla. Stjórn FNS kallaði til öll fagráð FNS til að vinna að nýrri starfslýsingu. Stjórnarfolk voru tengiliðir við fagráð og nefndir og studdu við starfsemi þeirra eftir óskum og samhliða því að skýra frá starfsemi þeirra og beiðnum. Mikið samtal var á milli FNS og aðildarféлага Kennarasambands Íslands um málefni er snertu stöðu náms- og starfsráðgjafa, stöðu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum og málefnum tengdum innleiðingu farsældarlaganna.

Stjórnin hélt áfram að leggja áherslu á samstöðu, sýnileika og stafræna hæfni í félagsstarfi. Með öflugri félagsstarfsemi, virkri tengslamyndun við hagaðila, samtali við menntamálayfirvöld og frumkvæðis að samstarfi má segja að vel hafi tekist að þessu þrennu.

2. Stefnumótun og stefnumörkun

Náms- og starfsráðgjöf

Farsæll námsferill krefst þess að nemandinn taki upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um nám sitt út frá eigin áhugasviðum, styrkleikum og gildum. Náms- og starfsráðgjöf styður við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina ásamt hæfninni til að stýra eigin náms- og starfsferli í ljósi breyttra atvinnu- og samfélagshátta. Lögð er áhersla á að öll finni hæfni sinni farveg og tilgang með námi sínu, þannig má meðal annars draga úr brotthvarfi og styðja við atvinnuþátttöku. Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg á öllum skólastigum, óháð aldri og búsetu, og veitt af þar til bærum sérfræðingum. <https://www.stjornarradid.is/.../haefni-fyrir-framtidina/>

Hér er vitnað í kafla Menntastefnu 2030 um hæfni til framtíðar og hér eru lagðar skýrar línur um umfang náms- og starfsráðgjafa og stöðu í menntakerfinu. Stjórn FNS hefur staðfastlega fylgt eftir þeirri sýn að kalla eftir skýrari stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum og liggur þar til grundvallar 3. grein laga félagsins liður 1 og 2 þar sem segir:

1. Vinna starfi náms- og starfsráðgjafa brautargengi í gegnum ráðuneyti mennta- og félagsmála, sveitarstjórnir, samtök kennara, samtök atvinnulífsins og í samstarfi við önnur félagasamtök.
2. Efla umfjöllun um starfsvettvang náms- og starfsráðgjafa með opinberum greinaskrifum, þátttöku í nefndarstörfum og öðru faglegu samstarfi þar sem fagmennsku náms- og starfsráðgjafa er þörf.

Í öllum málf lutningi FNS hafa stjórnvöld og hagaðilar verið hvött til að horfa til fjárhagslegs og samfélagslegs ávinnings sem hlýst af fjárfestingu í að koma á

heildstæðri stefnu í málaflokknum og þeirri þekkingu og mannauði sem náms- og starfsráðgjafar búa yfir. Hér er einnig horft til þeirrar samfellu sem er fyrirbyggjandi í ævilangri náms- og starfsráðgjöf og er samsíða ævilangri sí- og endurmenntun. Þá er einnig verið að horfa til starfa náms- og starfsráðgjafa í fullorðinsfræðslunni og starfsendurhæfingu. Félags – og vinnumálaráðuneytið hefur staðið fyrir heildarendurskoðun á framhaldsfræðsluferfinu og átti FNS fulltrúa í starfshópi sem var skipaður. Eydís Katla Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslunetinu, símenntun á Suðurlandi tók þátt í yfirgripsmikilli vinnu og tillögum skilað. Eydísi Kötlu er þakkað fyrir hennar störf og einnig á Guðrún Vala Elísdóttir þakkir skildar fyrir að gefa einnig kost á sér.

Liður í því að kalla eftir aðgerðum í eflingu náms- og starfsfræðslu var að eiga samtalið við þáverandi Menntamálastofnun vegna endurskoðunar greinasviða í aðalnámskrá grunnskóla. Sif Einarsdóttir prófessor við námsbrautina í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og formaður FNS ræddu við stofnunina um leiðir til að gera náms- og starfsfræðslu að námsgrein með tíma í viðmiðunarstundaskrá og námskrá.

Til að fylgja þessu máli enn fastar eftir bauð FNS hagaðilum, frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga og þáverandi Menntamálastofnun, til fundar í lok október 2023 til að ræða stöðu náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu í menntakerfinu á Íslandi. Kynntar voru niðurstöður norrænnar rannsóknar á stöðu náms- og starfsfræðslu sem að prófessor Sif Einarsdóttir og Helga Tryggvadóttir náms- og starfgjafi hafa unnið að. Þá kom enskur sérfræðingur í náms- og starfsfræðslu, David Andrews kom til landsins í boði FNS, til að kynna Gatsby viðmið / Gatsby benchmark sem hafa verið notuð með góðum árangri í Englandi og skilgreina hvað farsæl náms- og starfsfræðsla byggir á og hvernig hægt er að framkvæma hana innan skólakerfisins. Gatsby viðmiðin eru verkrammi til að gera áætlun um og framkvæma heildstæða náms- og starfsráðgjafaráætlun og þar með talin náms- og starfsfræðsla. Viðmiðin byggjast á alþjóðlegum rannsóknum um gæði í náms- og starfsráðgjöf (bestpractices). Þróuð í Englandi, þar sem þau hafa verið innleidd sem hluti af menntunarstefnu

(<https://www.gatsby.org.uk/education/focus-areas/good-career-guidance>).

Þá gafst einnig tækifæri til að eiga fund með Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra þar sem fulltrúar FNS og David Andrews áttu gott samtalið um mikilvægi náms- og starfsfræðslu og framlag þess til farsældar barna og ungmenna.

Á fundinum var sammælt um að taka höndum saman um að raungera þróunarverkefni um innleiðingu Gatsby viðmiðanna og mennta- og barnamálaráðuneytið myndi styðja tillöguna með fjármagni og aðkomu sérfræðinga innan og utan ráðuneytisins.

Tillaga að þróunarverkefninu var send til mennta- og barnamálaráðherra í febrúar 2024 og beðið er eftir svari frá ráðuneytinu.

Réttur til náms- og starfsráðgjafar

FNS hefur verið fylgið sér í því að benda á lagalegan rétt nemenda í grunn- og framhaldsskólum og einstaklinga á vinnumarkaði að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf sem er veitt af þar til bærum sérfræðingum sem hafa hlotið leyfisbréf til að bera lögverndaða starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Grundvöllur að lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa hvílir í því að allir þeir sem vilja sækja sér eða eiga lögvarinn rétt að náms- og starfsráðgjöf geti verið þess fullvissir að sá sem er að veita þjónustuna hafi til þess bæra faglega menntun og þekkingu og að gætt sé að gæðum í starfi. Þetta felur einnig í sér þá siðferðilegu skyldu fagaðilans, náms- og starfsráðgjafans, að starfa innan faglegs ramma.

Víða er pottur brotinn í þessum efnunum. Hér gildir samtakamáttur félagsfólks um að koma með ábendingar um slík brot til stjórnar og ekki hefur legið á því. Þá er einnig mikilvægt að standa vörð um þá þjónustu í náms- og starfsráðgjöf sem er í boði og starfsstöður náms- og starfsráðgjafa.

Síðastliðið haust var opinberuð skýrsla starfshóps um sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri. Þar komu fram tillögur um að fækka stöðum náms- og starfsráðgjafa í þessum tveimur skólum í nafni hagræði. Stjórn FNS mótmælti þessu með því að gefa út tilkynningu sem var birt á vefmiðli FNS og send til Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Kennarasambandi Íslands.

Endurgerð starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa

Til þess að efla starfsgrundvöll fags og stéttar ákvað stjórn FNS að ráðast í endurgerð starfslýsingar fyrir náms- og starfsráðgjafa. Rúm 20 ár eru liðin frá því að Félag náms- og starfsráðgjafa setti saman starfslýsingu. Á þessum tíma hafa störf náms- og starfsráðgjafa breyst og þróast í alþjóðlegu samhengi sem og hér innanlands auk þess sem nútíma tækni og samfélagsbreytingar setja mark sitt á starfið. Ný starfslýsing er stéttinni mikilvæg sem stuðningur við stefnumótun og sem leiðarljós í störfum náms- og starfsráðgjafa. Starfslýsing getur einnig verið mælikvarði og grundvöllur fyrir launaröðun og réttindum á vinnumarkaði.

Fyrstu skref þessarar vinnu fólst í að senda út spurningalista til félagsfólks um hlutverk náms- og starfsráðgjafa í starfi og var stuðst við skilgreiningar NICE handbókar (Network for Innovation in Career Guidance and Counseling in Europe). Stjórn FNS fór yfir svörin, undirbjó gögn til frekari úrvinnslu sem vísað var svo áfram til fagraða FNS. Fagráð FNS greip boltann og unnu á haustmánuðum 2023 með niðurstöðurnar og skiluðu af sér bráðabirgðadrögum í janúar 2024. Stjórn FNS og fagráð munu vinna áfram að gerð nýrrar starfslýsingar á haustmánuðum 2024.

Aðild að stefnumörkun

Stjórn FNS hefur ýmist verið beðið um að veita umsagnir eða haft frumkvæði að því þegar kemur að framlagningu frumvarpa til laga eða þingsályktunartillögur.

Eftirfarandi umsagnir voru gerðar:

Mál nr. 267/2023: Vegna áforma um lagasetningu um heildarendurskoðun framhaldsfræðslukerfisins og laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010 – FRN22060048.

Mál nr. 192/2023 Umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa um drög að reglum um fjárframlög háskóla.

Mál. Nr. S-60/2024: Umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa um drög að frumvarpi til laga um inngildandi menntun

Mál nr. S-80/2024 Umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa um endurskoðun greinasviða aðalnámsskrár grunnskóla.

3. Sýnileiki

Vefur og samfélagsmiðlar

FNS rekur sinn eigin vef, fns.is og heldur úti tveimur samfélagsmiðlum, Facebook og Instagram. Stjórn FNS tók þá ákvörðun að ráðast í að útbúa nýjan vef fyrir félagið ásamt því að innleiða innra kerfi á vefsíðu sem gerir félagsfólki kleift að miðla efni og deila ásamt því að eiga samskipti á innra svæðinu. Var nýr vefur opnaður í september 2023 með því að vera með beina útsendingu á facebook - slá þannig tvær flugur í miðlun.

Náms- og starfsráðgjafar þekkja mikilvægi þess að hafa aðgang að upplýsingum og tæki til upplýsingamiðlunar, eiga kost á því að deila fréttum um fagið, vettvanginn og fagfélagið og ekki síst að miðla af starfsreynslu sinni. Vefnum er ætlað að gegna þessu fjölþætta hlutverki. Nýr vefur og innri verkfæri hans styðja við þessi markmið og eflir og hvetur alfélagsfólk til að taka virkan þátt í að raungera áður nefnd markmið. Félag náms- og starfsráðgjafa tekur þessari stafrænu breytingu fagnandi og hvetur félagsfólk til að nýta tækifærin sem í henni felast. Það er undir okkur, félagsfólki FNS, að grípa tækifærið og gera vefinn að líflegum upplýsinga- og fræðsluvettvangi fags og stéttar. Fyrir liggur að mynda vef- og efnisstefnu allra miðla FNS og helst það markmið í hendur við það að efla stafræna hæfni.

Viðurkenning fyrir framlag til náms- og starfsráðgjafar 2023

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur veitt félagsmanni viðurkenningu fyrir framlag til nærsamfélagsins, fagsins og stéttarinnar allt frá árinu 2006. Tilgangur slíkrar viðurkenningar er að vekja athygli á fagmennsku og nýsköpun í starfi náms- og starfsráðgjafa og framlagi einstakra félagsmanna til fags og stéttar.

Í ár hlýtur **Sigríður Bílddal náms- og starfsráðgjafi** viðurkenningu félagsins.

Upphaf ferils Sigríðar / Siggu sem náms- og starfsráðgjafa má rekja til forspilsins að námi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hún tók námskeið í náms- og starfsráðgjöf hjá Gerði G. Óskarsdóttur sem hluta af BA náminu sínu og lauk síðar diplómanámi í námsráðgjöf árið 1993 og var þar með í öðrum árgangi nemenda í náminu. Hún hefur sinnt sí- og endurmenntunarþörf sinni og sat t.d. námskeið er varðaði lykilþætti í stefnumótun náms- og starfsráðgjafar 2014 og hefur lokið diplómu í jákvæðri sálfræði sem fellur vel að námi og starfi í náms- og starfsráðgjöf

Sigga hefur víðtæka starfsreynslu á grunn- og framhaldsskólastigi. Hún tók til starfa við Fjölbrotarskóla Suðurnesja og var þar til ársins 2002. Sigga hóf þá störf við Holtaskóla í Reykjanesbæ. Hún var þá eini menntaði náms- og starfsráðgjafinn í grunnskóla á svæðinu allt fram til ársins 2007. Menntuðum náms- og starfsráðgjöfum hefur fjölgað síðan á svæðinu.

Sigga hefur verið mjög ötul í félagsstarfi FNS og gegnt trúnaðarstörfum með setu í stjórn og nefndum félagsins. Hún var í stjórn Félags framhaldsskólakennara (FF) og sat kjarafundi í vinnudeilum og kom rödd náms- og starfsráðgjafa þar á framfæri. Hún hefur tvívegis verið formaður skólanefndar FF, síðast árið 2002.

Sigga hefur tekið virkan þátt í að þjálfa upp stéttina og öflugur mentor. Hún er mikil fyrirmynd og öflugur talsmaður fags og stéttar.

Sjá frétt á vef FNS
<https://fns.is/greinar/sigridur-bilddal-nams-og-starfsradgjafi-hlytur-vidurkenningu-felagsins-2023-fyrir-storf-i-thagu-nams-og-starfsradgjafar/>

Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla - Samfélagsstyrkur Landsbankans

FNS hlaut styrk að upphæð kr. 500.000 úr Samfélagssjóði Landsbankans fyrir verkefnið Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla. Kveikjan að því að sækja um kom í kjölfar haustráðstefnu FNS: Náms- og starfsráðgjöf í fjölmennningarlegu samfélagi - ráðgjöf til hópa með ólíkan menningarlegan bakgrunn.

Félag náms- og starfsráðgjafa ætlar að gefa út kynningar- og markefni um náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu á tveimur erlendum tungumálum, ensku og pólsku. Markhópurinn eru grunn- og framhaldsskólanemendur sem eru með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn. Með slíku efni er sýnileiki þessarar sértæku þjónustu, náms- og starfsráðgjöf, til þessa hóps eflur og hægt að nálgast hann á betri forsendum en ella. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að börn og ungmenni af erlendum uppruna sækja t.d. síður framhaldsskólamenntun sem getur haft afleiðingar á atvinnuþátttöku síðar meir. Með útgáfu kynningar- og markefnis sem nær til fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn er einnig verið að styðja við jöfn tækifæri til náms og aðgengi að atvinnutækifærum og stuðla að auknu félagslegu réttlæti.

Í umsókn félagsins segir um samfélagslegan ávinning verkefnisins: *Það liggur oftast fyrir hverjum og einum að afla sér menntunar og taka sér fyrir hendur margvísleg störf. Ávinningur aðgengis að náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu felst í færni einstaklingsins til að stýra eigin náms- og starfsferli, virkri þátttöku í samfélaginu og vinnumarkaði og vera fær um að takast á áskoranir samtímans og framtíðar. Með útgáfu FNS á nýju kynningar- og markefni á fleiri tungumálum en íslensku er verið að nálgast mikilvægan framtíðarmannauð og styrkja einstaklinginn til að stýra sínum náms- og starfsferli og nýta tækifæri sem íslenskt samfélag býður upp á.*

4. Samstarf

Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar á Íslandi - Euroguidance

Samstarf við Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar á Íslandi - Euroguidance hefur verið farsælt frá stofnun þess og hún verið sterkur bakhjarl félagsins. Stuðningur Evrópumiðstöðvarinnar hefur meðal annars verið fólgin í styrk vegna ráðstefnu í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar sem er mikils metið. Eydís Inga Valsdóttir er verkefnisstjóri Evrópumiðstöðvarnar og er tengiliður við FNS.

Evrópumiðstöðin og FNS bauð til morgunverðarfundar fyrir náms- og starfsráðgjafa, miðvikudaginn 22. nóvember og tilefnið var að fá kynningu og fræðslu um Evrópska hæfniárið, hvað er að gerast í raunfærnimati á Íslandi ásamt nýjungum í verknámi tengt skráningu færni. Fundurinn heppnaðist mjög vel og var vel sóttur.

Það er mikilvægt fyrir félagsfólk FNS að fá kynningar sem þessar og hagnýta evrópska vídd í starfi.

Samstarf við Kennarasamband Íslands

Aukið samstarf hefur verið á milli FNS og forsvarsfólks innan Kennarasambands Íslands bæði út frá faglegri og kjaralegri nálgun fagstéttarinnar (formann KÍ, formann Félags framhaldsskólakennara og formann Félags grunnskólakennara).

Sérstakir fundir hafa verið haldnir með formann Félags framhaldsskólakennara og fulltrúum stjórnar FNS vegna innleiðingu farsældarlaga og stöðu náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsráðgjafa. Kjaramál náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum voru sérstaklega rædd við formann Félags grunnskólakennara.

FNS hefur rætt við forystu Kennarasambandsins um eflingu náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum og notið stuðnings hennar í málflutningi sínum við bæði sveitarfélög og ráðuneyti.

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara

Tveir fulltrúar frá Félagi náms- og starfsráðgjafa, þær Klara Guðbrandsdóttir og Ásdís Birgisdóttir sátu í Skólamálanefnd FF skólaárið 2023-2024. Helstu verkefni nefndarinnar voru umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, umsögn um áform mennta- og barnamálaráðuneytisins og stýrihóps um eflingu framhaldsskóla með sameiningu Menntaskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans á Akureyri.

Haldinn var stór fundur allra skólamálanefnda hjá KÍ þar sem þemað var Hvernig aukum við aðdráttarafl kennarastarfsins? Verið er að fylgjast með þróun námsgagna hjá þróunarsjóði námsgagna vegna úthlutunar til framhaldsskólanna. Skólamálanefnd fór fjölmargar skólaheimsóknir.

Starfslok frumkvöðuls í náms- og starfsráðgjöf

Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir prófessor í náms- og starfsráðgjöf og heiðursfélagi í FNS lét formlega af störfum við Háskóla Íslands í desember 2024 og af því tilefni var haldið kveðjuhóf henni til heiðurs. Formaður FNS fékk tækifæri til að flytja ávarp af því tilefni þar sem Guðbjörgu voru færðar þakkir fyrir hennar óeigingjarna starf á vettvangi félagsins.

Guðbjörg og félagið hafa átt samleið í mjög langan tíma og samvinna verið með miklum ágætum. Hún hefur alltaf verið boðin og búin að vera félaginu til ráðgjafar og jafnframt lagt þung lóð á vogarskál. Framlag Guðbjargar hefur vegið þungt í öllum meiriháttar málum fagstéttarinnar, og þar má t.d. nefna lögverndun starfsheitisins og stefnumótun stjórnvalda. Félagsfólk FNS hefur ávallt notið góðs af heimsóknum þeirra fræðimanna sem hafa komið til landsins að tilstuðlan Guðbjargar. FNS og námsbrautin í náms- og starfsráðgjöf hafa þá oft verið í samstarfi og skipulagt erlendar heimsóknir. Guðbjörg hefur gegnt trúnaðarstörfum innan félagsins, verið bæði í stjórn og í forsvari fyrir félagið. Árið 2006, á Degi náms- og starfsráðgjafar, hlaut Guðbjörg fyrst allra viðurkenningu fyrir framlag til fags og stéttar og árið 2016 var hún gerð að heiðursfélagi.

Alþjóðlegt samstarf

Prófessor Ronald Sultana

Einn þeirra erlendu fræðimanna sem hafa sótt Ísland heim að tilstuðlan Prófessor Guðbjargar Vilhjálmsdóttir var Prófessor Ronald Sultana við Háskólann á Möltu. Sú sorgarfregn barst til landsins síðla hausts að Ronald hafi orðið bráðkvaddur rúmlega sextugur að aldri.

Ronalds er minnst sem mikils öðlings sem brann fyrir bæði faginu og fræðinni í náms- og starfsráðgjöf. Hann hafði mikil áhrif í gegnum skrif sín og rannsóknir á sviði náms-

og starfsráðgjafar og náms- starfsfræðslu á alþjóðavísu. Hans er minnst víða um heim fyrir innsæi sitt, skuldbindingu og sem leiðtoga og mentor.

Ronald sótti Ísland heim þrisvar sinnum og styrkti bæði námsbraut og félagið með kennslu sinni og nærveru. Hann var frábær kollegi og vinur. Skemmst er að minnast fyrirlesturs sem hann hélt fyrir félagið hér á landi fyrir árið 2022 og deildi þekkingu sinni og kunnáttu um gæði í náms- og starfsfræðslu.

Félag náms- og starfsráðgjafa minnst hans með mikilli hlýju og er þakklátt fyrir allt hans framlag til náms- og starfsráðgjafar hér á Íslandi og á alþjóðavísu og sendi minningargjöf um hann til Möltu.

IAEVG

Formaður FNS er landsfulltrúi IAEVG (National Correspondant) og hefur tekið þátt í margvíslegum fjarfundum á vegum IAEVG. Tilgangurinn er að efla netverk landsfulltrúa um heiminn og kynna það sem er efst á baugi í aðildarlöndum IAEVG. Það er mikilvægt fyrir FNS að vera hluti af alþjóðlegu netverki og taka þátt í umræðum um fagið, kynnast stöðu náms- og starfsráðgjafar á heimsvísu og ekki síst að læra af hvert öðru. Dýrmæt tengsl verða til sem geta leitt til samstarfs og samráðs. Félag náms- og starfsráðgjafar hefur margvíslegu að miðla og framlag að færa.

Alþjóðleg ráðstefna samtakanna verður haldin dagana 12. - 14. nóvember í Jyväskylä í Finnlandi og er yfirskriftin: *Riding the wave of change*.

Norrænt samstarf

Greta Jessen er fulltrúi FNS í NFSY. NFSY eða *Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning* eru regnhlífarsamtök allra samtaka náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum. Með aðild að NFSY eiga landssamtök Norðurlandanna greiðan aðgang að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG eða *International Association for Educational and Vocational Guidance*. Frá því á aðalfundinum í apríl 2023 hafa Danir séð um formennsku og verða það fram að aðalfundi 2026.

Haustofundurinn var haldinn með rafrænum hætti 18. nóvember 2023. Á fundinum var farið yfir hvað var efst á baugi í hverju landi fyrir sig. Einnig áttu fulltrúar hvers lands að segja frá hvernig náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum er háttað. Jaana Kettunen formaður IAEVG kom á fundinn og sagði frá starfsemi IAEVG en hún tók við formennsku á síðasta ári. Þess má geta að NFSY tilnefndi hana og Petru Riøse frá Noregi til setu í IAEVG. Helstu áherslur IAEVG eru núna á síðareglur og gervigreind í ráðgjöf. Einnig kom fram að næsta ráðstefna IAEVG verður haldinn í Jyväskylä 12.-14. nóvember nk.

Aðalfundur NFSY var haldinn í Kaupmannahöfn 4. og 5. apríl. Að þessu sinni var áherslan lögð á ráðþega á aldrinum 15-24 ára. Fyrri daginn var farið í heimsókn í NEXT mediegymsnasium og síðan í UU København (Ungdommens uddannelses vejledning).

Aðalfundurinn var haldinn seinni daginn. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa skilaði hvert land ársskýrslu og sagði frá helstu verkefnum og áherslum hvers félags. Auk þess átti hvert land að segja frá menntun náms- og starfsráðgjafa. Það er alltaf áhugavert að heyra hvað kollegar okkar á hinum norðurlöndunum eru að fást við og heyra að oft eru þetta svipuð verkefni og áskoranir sem við erum að fást við.

Eitt af markmiðum NFSY er að efla tengslanet félagsmanna á Norðurlöndunum og hefur það m.a. verið gert með því að hvetja félagsmenn til að setja sig í samband við einhvern úr stjórn NFSY ef óskað er eftir tengslum, samvinnu eða samskiptum á milli landa. Einhverjir félagsmenn hafa nýtt sér þetta net og væri ánægjulegt ef fleiri gerðu slíkt hið sama. Sem stendur er heimasíðan nfsy.org í lamasessi og hefur ekki verið hægt að uppfæra upplýsingar þar. Auðveldast er að hafa samband við norrænan fulltrúa FNS sem getur komið félagsmönnum í samband við norræna fulltrúa og félög á hinum norðurlöndunum.

5. Félagatal og félagsaðild

Samkvæmt lögum félagsins geta þau orðið fullgilt félagsfólk sem hlotið hafa löggildingu á starfsheitinu náms- og starfsráðgjafi og hafa lokið tilskyldu námi. Þar fyrir utan er hægt að sækja um nemeaðild að félaginu. Einnig segir að ef félagsgjöld eru ekki greidd falli viðkomandi út af félagaskrá. Í haust, eftir að greiðsluseðlar voru sendir út, var því farið í gegnum félagatalið og póstlistann, ítrekanir sendar og félagsfólki sem ekki höfðu greitt félagsgjöld innan tveggja vikna frá ítrekun var fært af báðum listum. Í kjölfarið var verkferill vegna nýskráninga í félagið og félagatals uppfærðar. Á líðandi starfsári voru 22 félagsaðildir nýskráðar í félagatalið, þar af 11 almennar aðildir og 11 nemeaðildir (talið frá 1. maí 2023 - 7. maí 2024). Tveimur umsóknum sem ekki uppfylltu skilyrði var synjað. Þrjár umsóknir um nemeaðildir eru í ferli 7. maí.

301 einstaklingur var skráður í félagið þann 7. maí 2024; 270 almennar aðildir og 29 félagar sem komin voru á eftirlaun. Félagar á eftirlaunaaldri þurfa ekki að greiða félagsgjöld en teljast samt áfram fullgildir félagar. Nemeaðildir að félaginu eru 11 talsins en mikilvægt er að halda vel utanum hvenær nemar eru teknir inn í félagið þar sem aðildin gildir einungis til 2 ára (ef félagsgjöld eru greidd).

Haldið er utan um félagatalið á lokuðu svæði, umsjónarmaður félagatals sér um móttöku umsókna og afgreiðslu, uppfæra upplýsingar á póstlista og skrá nýtt félagsfólk á innri vef í samvinnu við vefstjóra. Haldið er utanum kennitölu, nafn, netfang og símanúmer félagsfólks og aðildarform. Mikilvægt er að félagatal, póstlisti og innri vefur félagsins séu samræmd og að upplýsingar um félagsfólk séu réttar.

6. Fjárreiður og félagsgjöld

Félagar á starfsári voru 293 en þar af greiddu 273 félagsgjöld. Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2023 er byggður á bókhaldi þess. Tekjur af félagsgjöldum voru kr. 1.638.000 og drógust saman um kr. 6.000 milli ára. Hagnaður af rekstri félagsins nam kr. 1.070.474 á árinu sem má annars vegar rekja til kr. 500.000 styrks frá Landsbankanum sem á eftir að gjaldfæra og hins vegar til kr. 400.000 styrks frá Kennarasambandinu sem stóð undir mestum kostnaði við uppfærslu á heimasíðu. Fé í árslok var kr. 4.047.892.

Tekjur vegna haustráðstefnu námu kr. 1.629.000 sem stóð undir kostnaði við ráðstefnuna. Tekjur og gjöld af haustráðstefnu voru lægri en árið áður sem má rekja til þess að félagið hafði ekki milligöngu um gistingu og ráðstefnupakka fyrir þátttakendur.

Styrkir vegna námskeiða og ráðstefnukostnaðar námu kr. 530.000 auk kr. 400.000 styrks sem Kennarasamband Íslands veitti til þróunar nýs vefsvæðis. Félagið sótti um og fékk kr. 500.000 styrk frá samfélagssjóði Landsbankans til þýðingar og útgáfu á fræðsluefni í formi blöðunga sem á eftir að koma til framkvæmdar og gjaldfæra.

7. Greinagerðir ráða og nefnda

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd FNS árið 2023-2024 skipuðu Hildur Ingólfssdóttir, Hildur Ýr Gísladóttir, Hrönn Grímsdóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Lýdía Sigurðardóttir. Fræðslunefnd fundaði oft í vetur en misjafnt var hversu langt leið á milli funda. Haldið var utan um sameiginleg gögn og vinnuskjöl á fundum á Google Drive. Fræðslunefnd er með netfangið fnsfraedsla@gmail.com.

Eftirfarandi fræðsluviðburðir áttu sér stað á starfsárinu 2023-2024:

Dagur náms- og starfsráðgjafa

Haustráðstefna FNS var haldin á Litla torgi í Háskóla Íslands 12. og 13. október 2023. Heiti ráðstefnunnar var náms- og starfsráðgjöf í fjölmeningarsamfélagi. Ráðgjöf til hópa með ólíkan menningarlegan bakgrunn.

Dagskrá:

- Nílsína Larsen Einarsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur. Erindi hennar fjallaði um hugtakið menningarnæmi, hvernig hægt er að auka menningarnæmi í starfi og hvaða verkfæri er hægt að styðjast við til að efla eigið menningarnæmi.
- Daniel Hailermariam, náms- og starfsráðgjafa kom frá Stokkhólmi. Hann flutti erindið *Is Iceland ready? Career Guidance in Times of Migration*.

- Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, inngildingarfulltrúi landskrifstofu Erasmus+. Erindi hennar fjallaði um hugtakið „inngilding” (e. inclusion).
- Renata Zdravkovic, uppeldis- og menntunarfræðingur deildi af einlægni sögu sinni og reynslu og hvað hún er að gera í dag.
- Sóley Ómarsdóttir, sérfræðingur hjá Rauða krossinum. Fjallaði um starfsemi Rauða krossins og geðheilbrigðismál sem snerta flóttafólk sérstaklega.
- Jasmina Vajzovic Crnac, ráðgjafi hjá IZO ráðgjöf og talaði einnig sem flóttakona. Erindi hennar fjallaði um ólíka menningarheima og hvernig þeir hafa áhrif á sjálfsmynd barna.
- Þórdís Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi á íslenskubraut Tækniskólans. Erindi hennar fjallaði um þjónustu náms- og starfsráðgjafa við nemendur brautarinnar.
- Karen Nóadóttir, MT í menntunarfræði. Erindi hennar fjallaði um áfallamiðaða nálgun í starfi.

Fræðslufundur – Hvernig notum við siðareglurnar okkar í daglegum störfum

Fundurinn var á Zoom þann 30. janúar. Á fundinum var erindi og umræður. Soffía Valdimarsdóttir lektor HÍ var með innlegg á fundinum. Siðanefnd var með nokkra umræðupunkta sem teknir voru fyrir og ræddir á fundinum.

Fræðslufundur - Unnið með styrkleika

Fundurinn var á Zoom þann 28. febrúar. Ásthildur Garðarsdóttir (Adda) sagði frá því hvernig hún hefur nýtt VIA Character styrkleikakönnunina í fjölbreyttri vinnu með nemendum og skjólstæðingum sínum. Hún hefur einnig hannað styrkleikakort sem hún sýndi hvernig eru nýtt.

Fræðslufundur um hópráðgjöf í starfi náms- og starfsráðgjafa

Fundurinn var á Zoom þann 2. maí. Þrír náms- og starfsráðgjafar sögðu frá hópráðgjöf í sínu starfi.

- Helga Rós Einarsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Háskólanum á Bifröst. Hún sagði frá hópráðgjöf sem hún er með fyrir nemendur sem eru að skrifa lokaritgerð bæði í grunn- og framhaldsnámi.
- Hrönn Grímsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Austurbrú. Hún sagði frá tveimur námskeiðum sem hún hefur verið með, annars vegar um streitu- og kvíðastjórnun og hins vegar um starfsleit – að efla færni til atvinnuþátttöku.

- Klara Guðbrandsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá FSU í fangelsunum. Hún sagði frá námstækninámskeiði sem hún hefur boðið uppá.

Að lokum

Dagur náms- og starfsráðgjafa var haldinn hátíðlegur á ráðstefnu félagsins 12. og 13. október. Hann heppnaðist einstaklega vel og voru mörg áhugaverð erindi. Eftir ráðstefnuna var ráðstefnugestum send könnun um ráðstefnuna. Almennu voru svörin mjög jákvæð en 87% töldu ráðstefnuna mjög gagnlega. Staðsetning ráðstefnunnar er það eina sem sker sig úr svörunum en tæp 60% voru miðlungs sátt til mjög ósátt við salinn þar sem ráðstefnan fór fram. Fjölmargar hugmyndir komu fram um áhugaverð viðfangsefni sem hægt er að hafa á næstu ráðstefnu sem komandi fræðslunefnd getur unnið úr.

Þrjár fræðslufundir voru haldnir á vorönn, allir fóru fram á Zoom og voru teknir upp og birtir.

Að beiðni stjórnar var send út könnun til að kanna áhuga félagsmanna til að fara í hópferð á ráðstefnu IAEVG í Jyväskylä í Finnlandi, 12. - 14. nóvember 2024. Ráðstefnan ber heitið *Riding The Wave Of Change*. 55 tóku þátt, 25 sögðu já, 22 sögðu kannski og 8 sögðu nei. Komandi fræðslunefnd vinnur nánar með þetta viðfangsefni. Að lokum er búið að senda út könnun til félagsmanna til að kalla eftir hugmyndum að fræðsluerindum sem komandi fræðslunefnd getur nýtt og unnið úr á næsta starfsári.

Fræðslunefnd þakkar ánægjulegt samstarf á starfsárinu 2023-2024.

Upplýsinga- og kynningarnefnd

Í upplýsinga- og kynningarnefnd árið 2023-2024 voru Guðlaug Ragnarsdóttir, Sigrún Guðbjörg Magnúsdóttir og Sigrún Fjeldsted og Jóhanna María Vignir (fyrir hönd stjórnar).

Stjórn FNS boðaði til sameiginlegs fundar fyrir fagráðin í lok maí að skipuleggja komandi vetur. Verkefni haustsins lágu fyrir og var þar einna helst gerð kynningarpakka fyrir nýja meðlimi, auglýsingagerð fyrir viðburði FNS og að auka virkni nýrrar vefsíðu, sem var í bígerð í upphafi starfsárs. Stofnaður var samskiptaráður á Messenger og fóru allir fundir fram í gegnum myndsímtal í gegnum þann þráð eða á Teams. Mikið var að gera í kringum nýja vefsíðu þegar starfsárið hófst sem og auglýsingar fyrir ráðstefnu félagsins og fundaði nefndin þá oft til að standa undir þeim verkefnum. Þegar þessu annasama tímabili var lokið varð hlé á fundarhaldi og reyndist erfitt að ná aftur upp þræðinum eftir áramót en nefndinni bárust nokkrar beiðnir um auglýsingar sem voru gerðar.

Eitt verkefni stendur eftir að loknu starfsári nefndarinnar en það er kynningarpakki fyrir nýja félagsmeðlimi, en ekki náðist að klára kynningarpakka fyrir haustráðstefnuna eins og áætlað var. Drög af þeim pakka hafa verið gert en hann þarf að klára að fullnustu áður en hægt verður að senda hann út.

Ýmist kynningarefni með merki félagsins var pantað fyrir haustráðstefnu félagsins, eins og t.d. umhverfisvænir pennar og hálsbönd.

Áframhaldandi meðlimur í upplýsingar- og kynningarnefnd verður Guðlaug Ragnarsdóttir.

Fagráð grunnskóla

Í fagráði grunnskóla árið 2023-2024 voru Ásthildur Guðlaugsdóttir, Fríða Hrönn Halldórsdóttir (fyrir hönd stjórnar), Jóhanna Einarsdóttir og Lilja Þorkeldsdóttir.

Fagráð grunnskóla hélt fjarfundi ásamt því að vera með lokaðann Facebookhóp og spjallþráð í gegnum sama miðil þar sem að haldið var utan um verkefni og fundi ásamt samskiptum í gegnum tölvupósta.

Sif Einarsdóttir og Helga Tryggvadóttir settu sig í samband við fagráð grunnskóla og óskuðu eftir samstarfi við fagráð grunnskóla Norðurlandaverkefni þar sem Sif hefur verið okkar fulltrúi um skeið og ásamt Arnheiði Dögg og Helgu Tryggva. Verkefnið er úttekt á náms- og starfsfræðslu í grunnskólum á Norðurlöndunum og hafa 4 hópar skoðað; lagaramma og námskrá, starfskynningar, gæðamál og mat og menntun þeirra sem kenna náms- og starfsfræðslu. Mikilvægt skref í verkefninu var samtalið við hagaðila. Kynntu Helga og Sif niðurstöðurnar og fór yfir hvað væri mögulega hægt að gera við niðurstöðurnar til að styrkja fagstéttina.

Náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla fengu síðan opið fundarboð fimmtudaginn 18. október þar sem að haldinn var fundur um framtíð náms- og starfsfræðslu í grunnskólum sem Sif og Helga héldu utan um. Þökkum við þeim Sif og Helgu fyrir að treysta okkur í samtalið og okkar þátttöku í verkefninu.

Haldinn var sameiginlegur fundur með stjórn FNS með öllum fagráðum í maí 2023 þar sem að var verið að leggja grunn af vinnu í því að vinna að nýrri starfslýsingu. Sama ár var send út spurningakönnun frá stjórn FNS sem var opin í okt og byrjun nóv sem varð síðan grundvöllur fyrir starfslýsingar vinnu til þess að vinna að nýrri starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa og vann fagráðið úr þeim á opnum fundum fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Tengiliður stjórnar og fagráð grunnskóla sá um að skipuleggja fundi og vinna úr gögnum fundanna og var nokkuð vel mætt á opna fundi hjá náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum og var greinilega áhugi á starfslýsingavinnunni. Lokaskýrslu á starfslýsingavinnunni var skilað inn í desember 2023.

Fagráð framhaldsskóla

Í fagráði framhaldsskóla árið 2023-2024 voru Guðrún Sigríður Guðmundsdóttir, Halla María Halldórsdóttir og Nanna Imsland (fyrir hönd stjórnar).

Stjórn FNS boðaði til sameiginlegs fundar fyrir fagráðin í lok maí að skipuleggja komandi vetur. Verkefni haustsins lágu fyrir en fara þurfti í yfirferð og úttekt á starfslýsingum náms- og starfsráðgjafa. Fagráðið ákvað að hittast reglulega á Teams til að vinna í verkefnum, einnig var stofnaður messenger hópur til að eiga samskipti.

Haldnir voru nokkrir vinnufundir um haustið til að uppfæra og fylla inn í starfslýsingar. Fagráðið hittist reglulega á Teams til að vinna að starfslýsingarvinnunni, fengnar voru Helga Valtýsdóttir og Hrönn Baldursdóttir til að aðstoða fagráðið við vinnuna. Vinnan kláraðist um miðjan janúar og fékk stjórn FNS niðurstöðurnar.

Fagráðið fékk styrk til að halda sumarnámskeið fyrir félagsmenn, námskeiðið verður haldið 3. júní. Endurmenntunarnámskeiðið heitir *Tímastjórnun og lyklar að vellíðan í starfi*. Í fyrra hluta námskeiðsins er lögð áhersla á að efla og styrkja þekkingu og færni náms- og starfsráðgjafa í tímastjórnun og forgangsröðun. Hrönn Baldursdóttir, náms- og starfsráðgjafi og eigandi "Þín leið" mun sjá um kennslu fyrri hluta námskeiðsins. Seinni hluti námskeiðsins snýr að hugarfari og vellíðan á vinnustað þar sem hugtök eins og ferlar, samskipti, árangur og líðan verða í fyrirrúmi. Hrefna Guðmundsdóttir, vinnusálfræðingur og sérfræðingur í jákvæðri sálfræði mun sjá um kennslu seinni hluta námskeiðsins.

Fagráð háskóla

Fagráð háskóla skipa Helga Rós Einarsdóttir, María Jónsdóttir og Jónína Ólafsdóttir Kárdal er tengiliður stjórnar.

Fagráð háskóla tók þátt í vinnu, sem stjórn FNS stóð fyrir, við endurgerð starfslýsinga fyrir náms- og starfsráðgjafa. Fagráðið fundaði og tók þátt í vinnufundum fimm sinnum frá október 2023 til janúar 2024. Allir fundir voru fjarfundir.

Fagráð atvinnulífs

Fagráð atvinnulífs skipa: Álfhildur Eiríksdóttir, Erna G. Árnadóttir og Berglind Melax. Jónína Kárda var tengiliður stjórnar. Fagráð háskóla tók þátt í vinnu, sem stjórn FNS stóð fyrir, við endurgerð starfslýsinga fyrir náms- og starfsráðgjafa. Fagráðið fundaði og tók þátt í vinnufundum fimm sinnum ásamt fagráði háskólastigsins frá október 2023 til janúar 2024. Fagráðin tvö skiluðu af sér ákveðinni samantekt. Allir fundir voru fjarfundir.

Kjaranefnd

Veturinn 2023 til 2024 sátu í kjaranefnd Ásdís Birgisdóttir fulltrúi framhaldsskóla (tengiliður við stjórn), Kristín Birna Jónsdóttir fulltrúi framhaldsskóla, Árný Þóra Ármannsdóttir fulltrúi háskóla, Helga Rós Einarsdóttir fulltrúi háskóla, Berglind Elva Elísabetar Tryggvadóttir fulltrúi grunnskóla. Tengiliður stjórnar var Hildur Björg Vilhjálmsson gjaldkeri í stjórn FNS.

Stjórn lagði upp með að nefndir byrjuðu veturinn á að koma sér upp samráðsvettvangi og hentugum fundartímum. Í upphafi var notast við tölvupóst og stofnaður facebook hópur. Teams hópur var stofnaður og reynt að færa vinnuna þangað og auk þess stofnað svæði á innri vef FNS en ekki tókst að virkja hann. Fundartímar voru almennt góðir á föstudagsmorgnum kl 8:30.

Nefndin fundaði reglulega á haustmíssi 2023 og starfaði í fyrsta sinn sameinuð sem ein nefnd. Nefndin taldi mikinn kost að starfa sameinuð og samlegðaráhrifin fyrst og fremst yfirsýn og vinna í nafni stéttarinnar frekar en vettvangsins.

Kjaranefnd vann hugmynd að kjarakönnun meðal náms- og starfsráðgjafa, Kjaranefnd taldi þörf á að hafa yfirsýn yfir kjör félagsfólks en kjarasamningar virðast vera mjög ólíkir milli vettvanga. Ljóst að ýmis kjör eru ólík milli vettvanga, til dæmis laun, vinnutími, dagleg viðvera, sumarleyfi, jólafrí, páskafrí, fjöldi nemenda á hvern ráðgjafa, væntingar um verkefnastjórnun og fleira. Ýmsar hugmyndir að útfærslu kjarakönnunar voru ræddar og útbúin drög sem fóru ekki lengra í bili. Einna helst kom til greina að gögnum væri safnað nafnlaust af kjaranefnd og niðurstöður unnar í sjálfböðavinnu eða að óskað yrði eftir því við stjórn að hafa milligöngu um aðkeypta kjarakönnun frá stofnunum sem sérhæfa sig í slíkri vinnu.

Félagsfólk FNS er í mörgum stéttarfélagum. Þau helstu eru Félag Grunnskólakennara (FG), Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag háskólakennara og Fræðagarður. Síðustu ár hafa kjarasamningar verið endurnýjaðir árlega hjá FG og FF en langtímasamningar hafa almennt verið hjá Félagi háskólakennara og Fræðagarði.

Hildur Björg, gjaldkeri FNS og Jónína Kárdal formaður áttu samtalið við Brynhildi formann Visku- stéttarfélagi sérfræðinga (áður Fræðagarður, Félag félagsvísindafólks og stéttarfélagi bókasafns og upplýsingafræðinga) og Georg framkvæmdastjóra um tækifæri og hindranir sem felast í því að sameina stéttina undir einu stéttarfélagi en Náms- og starfsráðgjafar gætu þá verið deild innan Visku. Starfsemi Visku er þannig að þar sameinast ýmsar stéttir svo sem arkitektar, tómstunda og félagsmálafræðingar, bókasafns og upplýsingafræðingar og oft um að ræða fámennar stéttir. Innan Visku geta starfað faghópar og kjaradeildir, allt eftir þörfum hverrar stéttar. Mögulegir kostir við að stéttin tilheyri stóru stéttarfélagi er að slagkraftur verður meiri, það verður hægt að treysta á þekkingu og reynslu og meiri samfella í málefnum stéttarinnar. Fulltrúar Visku lýstu yfir áhuga á að fara í könnun á því hversu margir náms- og starfsráðgjafar tilheyru félaginu nú þegar. Þau lýstu áhuga á að stofna faghóp fyrir náms- og starfsráðgjafa innan Visku og þau lýstu áhuga á að fara í könnun á því hvernig flutningur í Visku kæmi út fyrir okkar félagsfólk. Að lokum er mikilvægt að átta sig á að umboð til kjarasamningsgerðar fyrir stéttina verður ekki til fyrr en nógu margir náms- og starfsráðgjafar hafa fært sig yfir í félagið. Það væri því langtímamarkmið að stefna

á sameinaða stétt hvað kjaramál varðar. Þangað til það gerist getur félagsfólk verið skráð í visku en tekur laun og réttindi samkvæmt samningi þess stéttarfélags sem samdi. Kjaranefnd náði ekki að afgreiða frekari tillögur varðandi samtal við félagsfólk FNS og Visku um frekara samstarf á yfirstandandi starfsári.

Siðanefnd

Siðanefnd skipa: Ágústa Björnsdóttir, Guðrún Björg Karlsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Ólöf Helga Þór. Fulltrúi stjórnar FNS í siðanefnd er Helga Valtýsdóttir.

Siðanefnd fundaði sjö sinnum yfir starfsárið. Á fyrsta og síðasta fundi starfsársins hittust nefndarmenn í raunheimum en aðrir fundir voru haldnir á Teams. Helstu áherslur vetrarins voru að auka sýnileika nýrra siðareglna og því stóð nefndin að því að halda fræðslufund 30. janúar á Teams um siðareglur og fékk Soffíu Valdimarsdóttur, lektor í HÍ til að vera með erindi. Fundurinn var mjög vel sóttur, alls 46 ráðgjafar mættu, og var mikil ánægja með hann enda bæði gagnlegur og skemmtilegur.

Til stóð að gefa út rafræna útgáfu/plakat af siðareglunum til að ráðgjafar gætu haft þær sýnilegar í sínu starfsumhverfi. Ákveðið var að halda ekki lengra með þessar pælingar og vísa þeim áfram til stjórnar sem getur tekið ákvörðun um hvort og hvaða fjármagn verði sett í hönnun ofl. til að sómi verði af útgáfunni.

Siðanefnd ræddi einnig verkferla varðandi tilkynningar um brot á siðareglum og komst að þeirri niðurstöðu að einfaldast er að stjórn fái slíkar tilkynningar á netfang sitt og fulltrúi FNS í stjórn siðanefndar komi málinu áfram til nefndarinnar.

8. Lokaorð

Fertugasta og öðru starfsári Félags náms- og starfsráðgjafa er að ljúka. Gróska í félagsstarfsemi birtist í fjölbreyttu starfi nefnda og ráða sem hefur þann tilgang að efla félagsandann, efla og styðja við fagmennsku í starfi félagsfólks og standa vörð um hagsmuni fags og stéttar. Hlutverk stjórnar er að starfa í umboði félagsfólks, móta stefnu félagsstarfseminnar í samræmi við lög og siðareglur félagsins og standa vörð um hagsmuni félagsfólks og þeirra sem ráðgjafarinnar njóta.

Í ár eru liðin fimmtán ár frá samþykki laga um náms- og starfsráðgjafa þar sem segir í 1. grein laga nr. 25/2009

1. gr. Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi [ráðherra], ¹⁾ sbr. 2. mgr.

Leyfi skv. 1. mgr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu [ráðherra] ¹⁾ samkvæmt [lögum nr. 63/2006](#).

Lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa var mikill áfangasigur. Með lögverndun þá er verið að koma á framfæri skilaboðum til ráðþega og hagaðila að um sé að ræða starf sem lýtur ákveðnum lagaramma, byggt á ákveðinni menntun sem uppfyllir skilyrði. Eitt hagsmunamála sem þarf að vinna að snýr að samningu reglugerðar um störf náms- og starfsráðgjafa en þar er endurgerð starfslýsingar ákveðinn lykill að framþróun.

Þetta starfsár hefur sýnt fram á mikilvægi þess að fagstéttin tali alltaf einum rómi, sé sýnileg og gefi skýr skilaboð um hvert eigi að stefna í málefnum náms- og starfsráðgjafa. FNS hefur talað skýrt um hvert eigi að stefna í náms- og starfsráðgjöf. Lykill að góðri þjónustu í náms- og starfsráðgjöf er heilðræn sýn á hana og margir þættir sem stuðla að árangri í náms- og starfsráðgjöf eru til staðar á Íslandi. Fyrst má nefna að gæði þjónustunnar felst í lagaramma um menntun náms- og starfsráðgjafa og lögverndun á starfsheiti þeirra, tryggður er í lögum réttur nemenda og almennings að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og samstarfsvilji til staðar á milli menntamálayfirvalda og fagfélagsins. Þá er samhljómur og samstarf á milli FNS og námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Eins og staðan er í dag þá er ekki hægt að leita til neins sérfræðings um málefni náms- og starfsráðgjafa innan ráðuneyta mennta- og barnamála, háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og félags og vinnumarkaðs. Þetta er alvarleg brotalöm og hindrun í uppbyggingu náms- og starfsráðgjafa á Íslandi. FNS hefur ítrekað óskað eftir því að stofnað yrði til slíkrar stöðu innan mennta- og barnamálaráðuneytis til að hægt sé að staðsetja og ýta undir áframhaldandi þróun á sviði náms- og starfsráðgjafa. Stöðuhlutfall sérfræðings í náms- og starfsráðgjöf í mennta- og barnamálaráðuneytinu væri góður upphafspunktur í þeirri vegferð að auka samlegðaráhrif og samvinnu ráðuneytanna þriggja.

Stjórn FNS hefur lagt áherslu á að skapa sóknarfæri til að kynna starfsemi og fagmennskunáms- og starfsráðgjafa og hversu nauðsynleg og öflug þjónustan er fyrir ráðþega hvar sem þeir eru. Bent hefur verið á bæði samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning sem hlýst af fjárfestingu í þeim mannauði sem býr í félagsfólki okkar.

Að lokum þakka ég bæði stjórn og félagsfólki fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt með að leiða starfsemina. Ég vil sérstaklega þakka því stjórnarfólki sem nú kveður fyrir það starf sem það hefur innt af hendi til að vinna að framgangi félagsins. Hvert starfsár hefur leitt okkur áfram í að efla og styrkja bæði fagið og stéttina. Við nýtum okkur reynslu fyrri ára, vinnum í núinu, höfum skýra framtíðarsýn og stefnu til að vinna saman að.

Reykjavík, 13. maí 2024

Jónína Kárdal, formaður